

Loftgæði á Íslandi

Samantekt úr ársskýrslu 2021



Yfirlit úr ársskýrslu loftgæða 2021

Styrkur svífryks, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og brennisteinsvetnis var innan heilsuverndarmarka fyrir árið og leyfilegs fjölda skipta yfir heilsuverndarmörkum efnanna á öllum mældum stöðum á landinu árið 2021 nema fyrir klukkustundarmörk SO_2 en það má rekja til eldgoss á Reykjanesi.

Samdráttur hefur verið á ársmeðaltal svífryks (PM_{10}) frá árinu 2015 nema í Dalsmára í Kópavogi.

Ársmeðaltal köfnunarefnisdíoxíðs (NO_2) jókst töluvert árið 2021 á Akureyri miðað við árið 2020 en ekki á öðrum stöðum.

Ársmeðaltal brennisteinsdíoxíðs (SO_2) jókst á öllum flestum stöðum en það má rekja til eldgoss á Reykjanesi.

Litlar breytingar urðu á ársmeðaltalsstyrk brennisteinsvetnis (H_2S) árið 2021 samanborið við árið á undan.

Samantekt

Efni	Heilsuverndarmörk			Hversu oft var farið yfir árið 2021?	Undir heilsuverndarmörkum?
	Meðal-tími	Mörk ($\mu\text{g}/\text{m}^3$)	Hversu oft má fara yfir?		
Gróft svifryk PM ₁₀	24-klst	50	35x á ári	15x Strandgata Akureyri, 9x á Grensásvegur Reykjavík, 7x á Dalsmári Kópavogi, 2x Norðurhella Hafnarfirði, Gröf Grundartanga og Héðinsvíkurleiti Húsavík, 1x Kríuvarða Grundartanga og Hvaleyrarholt Hafnarfirði.	ü
	Ár	40		Undir ársmeðaltali	ü
Fínt svifryk PM _{2,5}	Ár	20		Undir ársmeðaltali	ü
Köfnunarefnis-díoxíð NO ₂	1-klst	200	18x á ári	Fór aldrei yfir á neinum stöðvum.	ü
	24-klst	75	7x á ári	4x Strandgata Akureyri, 2x Grensásvegur Reykjavík.	ü
	Ár	40		Undir ársmeðaltali	ü
Brennisteins-díoxíð SO ₂	1-klst	350	24x á ári	9x Norðlingaholt Reykjavík, 6x Gröf, Kríuvörðu Grundartanga og Ásbrú Reykjanesbæ, 5x Grensásvegur Reykjavík, Dalsmári Kópavogi og Hvaleyrarholt Hafnarfirði, 3x Hveragerði, 2x Melahverfi Grundartanga, 1x Norðurhella Hafnarfirði og Grindavík.	Yfir Vegna SO₂ losunar frá eldgosi
	24-klst	125	3x á ári	1x Dalsmári Kópavogi, Grensásvegur Reykjavík, Norðlingaholt Hafnarfirði, Kríuvarða Grundartanga, Melahverfi Grundartanga og Ásbrú Reykjanesbæ.	ü
Brennisteinsvetni H ₂ S	24-klst	50	3x á ári	Fór aldrei yfir á neinum stöðvum.	ü
	Ár	5		Undir ársmeðaltali	ü